

Beinist til: Stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar Alþingis

Umsagnaraðilar: NPA miðstöðin svf.

Dagsetning: 8. október 2012

Þingskjal: 181

Mál: 180



Umsögn NPA miðstöðvarinnar svf. um frumvarp til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna (aðstoðar við kosningu).

NPA miðstöðin, samvinnufélag fatlaðs fólks um notendastýrða persónulega aðstoð og sjálfstætt líf, fagnar frumvarpi til laga um breytingu á lögum um kosningar til Alþingis og lögum um kosningar til sveitarstjórna vegna aðstoðar við kosningu. Um er að ræða löngu tímabæra breytingu sem við hörmum að hafi ekki átt sér stað fyrr. Það er skýr réttur allra samkvæmt stjórnarskrá og alþjóðlegum mannréttindasamningum að hafa tækifæri til að kjósa leynilega en svo hefur ekki verið fyrir margt fatlað fólk þrátt fyrir að það hafi ítrekað bent á það. Auk þess hefur Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks verið undirritaður hér á landi, fyrir fimm árum síðan, en eins og frumvarpið bendir á er kveðið á um í 29. grein hans að þeir sem þurfa aðstoð við að greiða atkvæði skulu geta valið sér aðstoðarmann.

Með breytingum þessum í ofangreindum kosningalögum teljum við að náist framfaraskref í aðgengi fatlaðs fólks að kosningum. Við teljum að með þessum hætti sé dregið úr þeim fjölda fólks sem með einum og öðrum hætti kemur inn í líf fatlaðs fólks vegna aðstoðar og skerðir einkalíf þess. Allar aðgerðir sem miða að því að draga úr þeim fjölda fólks sem kemur að óþörfu að einkalífi fatlaðs fólks fögnum við. Jafnframt teljum við að þessi lagabreyting ýti undir sjálfsákvörðunarrétt fatlaðs fólks, mannlega reisn og frelsi í samfélagi þar sem mikil forræðishyggja ríkir og fötluðu fólk er illa treyst til þess að taka stórar sem smáar ákvarðanir um eigið líf, t.d. hver aðstoðar það við að framkvæma hvaða athafnir.

Við viljum þó taka fram að með þessum breytingum er markmiðum 29. greinar ekki náð þar sem að þar kemur fram að aðildarríki skulu tryggja fötluðu fólki tækifæri til að njóta stjórnámálegra réttinda sinna til jafns við aðra með því að tryggja að „kosningaaðferðir, kosningaaðstaða og kjörgögn séu við hæfi, aðgengileg, auðskilin og auðnotuð.“ Það er ljóst að við eigum langt í land í þessum efnum, þrátt fyrir að árið sé 2012 og um sé að ræða þau grundvallar borgaralegu mannréttindi sem felast í þátttöku í stjórnámálum og lýðræðislegum kosningum. Nauðsynlegt er t.d. að kveðið sé á um það í lögum að allar kosningaskrifstofur og kjörstaðir séu með aðgengi, að stjórnálasamtökum beri skylda til að hafa stefnu sína og aðrar upplýsingar á auðskildu máli, að heimasíður þeirra hafi fengið aðgengisvottun og að kjörgögn séu eins og ofan greinir „við hæfi, aðgengileg, auðskilin og auðnotuð“. Þess má geta að í mörgum tilvikum gæti hreyfihamlað og sjónskert/blint fólk notað tölvubúnað til að greiða atkvæði sitt í einrúmi án aðstoðar frá manneskjum eins og tíðkast víða erlendis, t.d. í Bretlandi og sumum fylkjum Bandaríkjanna. Frumvarp þetta ber þess merki að ekki hefur verið haft samráð við fulltrúa fólks með þroskahömlun, t.d. félagið Átak eða Landssamtökin þroskahjálp. Það er dapurt að sjá þar sá hópur býr ekki síður við mismunun þegar kemur að stjórnámálalegum réttindum í íslensku samfélagi.

Á heildina litið erum við sátt við frumvarpið en gerum þó eftirfarandi athugasemdir og vörpum fram eftirfarandi spurningum um sérstök atriði frumvarpsins:

1. Hvers vegna er nauðsynlegt að gera hlé á atkvæðisgreiðslu þegar fötluð manneskja sem kýs að hafa sinn eigin aðstoðarmann (fulltrúa eins og segir í frumvarpinu) við að greiða atkvæði sitt? Við bendum á að það er afar niðurlægjandi og aðgreinandi fyrir fatlað fólk að það „verði uppi fótur og fit“ þegar það mætir til að greiða atkvæði sitt í stað þess að það gangi beint til verks eins og ófatlaðir kjósendur.

Tillaga: Að hægt sé að fá leyfi kjörstjóra á ákveðnum stað (ekki þar sem kjörklefar eru) þar sem einnig fer fram samtal án valins fulltrúa kjósanda, ef það er talið nauðsynlegt (sjá tillögu 3). Þar sé hægt að fá staðfestingu leyfis kjörstjóra, auk þess sem valinn fulltrúi kjósanda skrifar undir trúnaðarheit sitt, sem framvísað er til fulltrúa kjörstjórnar við kjörklefa. Þannig þarf ekki að

skapast niðurlægjandi „ástand“ þegar fötluð manneskja mætir til að greiða atkvæði sitt. Ef áhyggjur skapast um að hægt verði að breyta gögnum þegar farið er milli staða má setja þau í auðkennd lokuð umslög eða að starfsmaður á kjörstað fylgi fötluðum kjósanda frá kjörstjóra að því rými þar sem kjörklefinn er.

2. Við gerum athugasemdir við eftirfarandi orðalag í 1. gr.: „Kjörstjóri skal heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna geti kjósandi sjálfur **með skýrum hætti tjáð kjörstjóra vilja sinn óþvingað um að hann óski aðstoðar fulltrúa sem hann hefur valið sjálfur.**“ Við vekjum athygli á að um er að ræða mjög loðið orðalag sem má túlka með ýmsum hætti. Fatlað fólk sem þarf ekki aðstoð við ákvörðunartöku (og þ.a.l. vottun frá réttindagæslumanni), hvort sem það er með þroskahömlun eða ekki, tjáir sig misjafnlega líkt og sumt fólk sem þarf aðstoð við ákvörðunartöku. Sumir nota talað mál, aðrir tákni og svipbrigði og enn aðrir myndir eða tölvur. Tjáskiptaleið segir lítið sem ekkert um getu kjósanda til að velja sér aðstoðarmann. Jafnframt talar fólk sem notar talað mál stundum ekki skýrt (í bókstaflegri merkingu þess orðs) þó það geti verið afar skýrt fyrir samstarfsfólk, aðstoðarfólk, nánustu vini og ættingja. Við óttumst, sökum þeirra miklu fordóma sem við upplifum í samfélaginu á hverjum degi, að þessi ákveðni hópur fatlaðs fólks, sem tjáir sig „óhefðbundið“ geti orðið fyrir barðinu á þessu ákvæði vegna þess að:

A: **Kjörstjóri hafi ekki hæfni til að skilja fatlaðan kjósanda og meti það þá svo að hann sé óhæfur til að velja sér fulltrúa til aðstoðar.**

B: **Kjörstjóri búi yfir fordómum sem felast í að áætla að fatlaður kjósandi sé ekki hæfur til ákvörðunartöku ef hann talar ekki skýrt, þó kjörstjóri skilji hann í raun.**

C: **Að kjósanda verði ekki sýnd sú biðlund sem þarf ef það tekur hann tíma að gera sig skiljanlegan sem veldur því að kjörstjóri afgreiðir málið þannig að kjósandi sé of óskýr.**

(Þess ber að geta að þessi dæmi eru byggð á raunverulegum upplifunum fatlaðs fólks í sambærilegum aðstæðum).

Tillaga:

Að orðin „með skýrum hætti” falli brott. Jafnframt hvetjum við til þess að það verði kveðið á um það að í lögskýringagögnum að mælst sé til þess að Innanríkisráðuneytið upplýsi kjörstjóra og annað starfsfólk kjörstaða um þessar breytingar með vísan í mannréttindaákvæði og leggi áherslu á að framkoma við fatlaða kjósendur skuli vera af virðingu og kurteysi, líkt og við ófatlaða kjósendur, og að allir skulu upplifa sig velkomna á kjörstað. Því miður teljum við mikilvægt að það sé ítrekað við ofangreinda aðila þar sem ókurteysi og virðingaleysi er algengt í samskiptum við fatlað fólk almennt, einkum við fólk sem tjáir sig „óhefðbundið”.

3. Í athugasemdum um fyrstu grein kemur fram að viljayfirlýsingin um að vilja velja sér aðstoðarmann þurfi að fara fram í einrúmi. Við bendum á, sökum ofangreindra atriða í 2. lið, að ekki munu allir geta án aðstoðar sagt vilja sinn þó það geti tekið ákvarðanir án aðstoðar. Við bendum jafnframt á að kjörstaður er mögulega ekki rétti vettvangurinn til að reyna að grípa inn í áratuga langa sögu þvingunar og valdbeitingar gagnvart fötluðu fólki í íslensku samfélagi, til þess þarf markvisst átak á öllum sviðum samfélagsins og innan stjórnkerfis og stjórnsýslu. Ef þvingun á sér stað eru allar líkur á að það sé víðs fjarri kjörstað og verði ekki stoppað þar. Að lokum viljum við ítreka að það er niðurlægning í því fólgin að áætla að fólk sé ekki fært um að taka óþvingaða ákvörðun bara vegna þess að það er fatlað og að það sé því nauðsynlegt að loka það inni í herbergi með kjörstjóra til þess að láta það sannfæra hann um réttmæti eigin ákvörðunar. Fatlað fólk þarf margt aðstoð við gríðar margt í sínu lífi, m.a. við persónulegt hreinlæti, og þá er ekki lagt mikið upp úr skoðun þess á hver sé að aðsoða og hvort það sé samþykkt. Því er athyglisvert að þessi leið sé farin í þessum aðstæðum.

Tillaga: Við leggjum til að fatlaður kjósandi þurfi ekki að lýsa yfir vilja sínum í einrúmi með kjörstjóra því það er ekki aðgengilegt fyrir alla og vegna þess að þar gæti alveg eins farið fram þvingandi samtal.

4. Við gerum athugasemdir við eftirfarandi aðferðafræði í 1. gr.: „Geti kjósandi ekki sjálfur með skýrum hætti tjáð kjörstjóra þennan vilja sinn skal kjörstjóri heimila fulltrúanum að aðstoða kjósandann við atkvæðagreiðsluna **leggi kjósandinn fram vottorð réttindagæslumanns, sem starfar samkvæmt**

lögum um réttindagæslu fyrir fatlað fólk, þar sem staðfest er að kjósandi hafi valið sjálfur tiltekinn nafngreindan fulltrúa sér til aðstoðar við atkvæðagreiðsluna." Með hvaða hætti á að upplýsa fatlaða kjósendur um þennan fyrirvara? Hvað ef upp kemur ágreiningur um það á kjörstað hvort viðkomandi geti komið vilja sínum á framfæri eða ekki eins og vísað er til í 2. lið athugasemda okkar? Hvað ef fötluð manneskja sem þarf aðstoð (ekki vegna hreyfihömlunar eða sjónskerðingar) og hefði þurft vottun réttindagæslumanns fyrir vali á fulltrúa vissi ekki af þeirri nýbreytni og getur þá ekki kosið þar sem fulltrúar kjörstjórnar eru ekki færir um að skilja vilja hennar?

Tillaga: Setja bráðabirgðaákvæði í löginn sem gilda fyrir kosningarnar 20. október 2012 sem heimilar öllum sem þurfa aðstoð, óháð skerðingu, að fara með sinn fulltrúa inn í kjörklefa ef hann skrifar undir trúnaðareid og það er skráð. Samsagt að breytingin verði: „*Ef kjósandi skýrir kjörstjóra svo frá að hann sé eigi fær um að árita kjörseðilinn á fyrirskipaðan hátt eða árita og undirrita fylgibréfið sakir fötlunar*“ („Sjónleysis eða þess að honum sé hönd ónothæf“ fellur þá brott). Unnið verði að því fyrir alþingiskosningar 2013 í samráði við NPA miðstöðina, Átak, félag fólks með þroskahömlun, þroskahjálp og aðra sérfræðinga í hópi fólks með þroskahömlun að skoða hvort og þá hvernig réttindagæslumaður kemur að skipun valins fulltrúa kjósenda sem þarf aðstoð við ákvörðunartöku. Það er líka mismunurinn í því fólgin, sem varðar alþjóðlega mannréttindasamninga, m.a. um réttindi fatlaðs fólks, að gera upp á milli fólks út frá því hvaða skerðingu það hefur. Fólk með þroskahömlun er ekki minna virði en hreyfihamlað og sjónskert fólk og atkvæði þess ekki heldur. Að finna okkur knúin til að skrifa síðustu setningu gerir okkur sorgmædd.

Fyrir hönd stjórnar NPA miðstöðvarinnar,

Freyja Haraldsdóttir, framkvæmdastýra